

Lífeyrisþegar hjá TR óánægðir vegna breytinga á bótagreiðslum

LÍFEYRISÞEGAR er fá greidda svokallaða frekari uppbót, vegna lyfja- og sjúkrakostnaðar eða umönnunar, sem ekki hafa getað skilað Tryggingastofnun ríkisins vottorðum vegna sjúkra- eða lyfjakostnaðar í kjölfar uppsagna heilsugæslulækna, eiga ekki að verða fyrir skerðingu eða niðurfellingu uppbótarinnar af þeim sökum, skv. upplýsingum sem fengust hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Talsvert hefur borið á gagnrýni lífeyrisþega á þá endurskoðun á greiðslum frekari uppbóta á lífeyri sem staðið hefur yfir hjá TR að undanfögnu. Í bréfi sem Geðhjálpar sendi Tryggingastofnun fyrir skömmu segir að heilbrigðisyfirvöld hafi skapað öryggisleysi og uppnám hjá þúsundum lífeyrisþega vegna harkalegra aðgerða TR. Í byrjun ágústmánaðar fengu lífeyrisþegar bréf frá TR þar sem þeim var gert að skila nýju vottorði fyrir 15. ágúst.

Missa ekki frekari uppbót þótt vottorð vanti

Þetta hefur reynst nær útilokað, að mati Geðhjálpar, fyrir lífeyrisþega vegna uppsagna heilsugæslulækna. Tryggingastofnun framlengdi þá frestinn til að skila umræddum vottorðum vegna þess ástands sem skapast hefur í heilbrigðisþjónustunni og skv. upplýsingum sem fengust hjá TR er þeim bótaþegum sem telja sig hafa orðið fyrir skerðingu eða missi uppbótarinnar nú um mánaðamótin, vegna

þess að þeir hafa ekki getað skilað vottorðum, bent á að snúa sér til Tryggingastofnunar til að fá leiðréttingu sinna mála.

Breytingar á greiðslum eiga að spara 95 millj. kr.

Nokkrar breytingar voru gerðar á greiðslum til lífeyrisþega um nýliðin mánaðamót og skerðast frekari uppbætur á lífeyri vegna þeirrar endurskoðunar sem staðið hefur yfir í kjöl-

far lagabreytingar sl. vetur. Að mati fjármálaráðuneytisins eiga þær að skila 95 millj. kr. sparnaði á ári.

Skerðingin á greiðslum nær til einstaklinga með hærra tekjur en 75 þús. kr. á mánuði og hjóna með yfir 150 þús. kr. og ef eignir í verðbréfum og peningum fara yfir 2,5 millj. kr. hjá einstaklingum eða hjónum.

Í bréfi Geðhjálpar segir að einstaklingar hafi nú verið sviptir uppbót sem þeir hafa fengið vegna sjúkrakostnaðar og lauslega áætlað sé þar um að ræða upphæð sem nemi á annað hundrað millj. kr. Þessum útgjöldum sé nú velt yfir á lífeyrisþega.

Karl Steinar Guðnason, forstjóri TR, sagði stofnunina kosta kapps um að framkvæma þessar breytingar af mikilli nærfærni. Hins vegar fullyrta hann að enginn lífeyrisþegi ætti að verða fyrir skerðingu þótt hann geti ekki skilað vottorði frá lækni vegna uppsagna heilsugæslulækna.